

MINNISBLAÐ

Til: Jóhanna Harpa Árnadóttir

Frá: Helena Eydís Ingólfssdóttir

Afrit: Arnþrúður Dagsdóttir, Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir, Óli Halldórsson

Dags: 17.11.2021

VERKEFNISÁÆTLUN GAUMS – SJÁLFBÆRNIVERKEFNISINS Á NORÐAUSTURLANDI

VERKÞÆTTIR

- **Vöktun:** Gagnaöflun, úrvinnsla, framsetning gagna og birting.
- **Umsýsla og kynning:** Fréttir og samfélagsmiðlar, kynning, stýrihópsfundir, ársfundur, samráð og samskipti.
- **Áfangar:** Ársyfirlit og verkefnisáætlun
- Trygging gæða og áreiðanleika í úrvinnslu og birtingu gagna.

STÝRIHÓPUR

Stýrihópur kemur saman tvisvar á ári, í mars og nóvember.

Mars – Fundarstaður: Skútustaðahreppur

Framgangur verkefnis, undirbúningur ársfundar, ársyfirlit 2020, önnur mál.

Nóvember – Fundarstaður: Þingeyjarsveit

Framgangur verkefnis, tillaga að verkefnis- og kostnaðaráætlun ársins 2022, undirbúningur ársfundar, önnur mál.

Tenging stýrihóps við verkefnið. Búið til teymi inn á Teams sem fulltrúar í stýrihópi hefðu aðgengi að. Gagnlegt fyrir hópinn til að fylgjast með verkefninu og framvindu þess, til ábendinga til verkefnisstjórnar, skipulag stýrihópsfunda, léttir á tölvupósti.

ÁRSFUNDUR

Lagt er til að 3. ársfundur Gaums fari fram í september/október í Skútustaðahreppi, en honum var frestað á árinu 2020 vegna Covid-aðstæðna. Lagt er til að umfjöllunarefni sem þá var fyrirhugað verði frestað til síðari tíma og að samhliða ársfundinum verða haldin ráðstefna þar sem farið verði yfir þróun þeirra 10 ára sem gagnasafn Gaums nær orðið yfir á næsta ári, 2011 til 2020.

- 3. ársfundur Gaums - Gaumur 10 ára. Yfirlit yfir þróun á vöktunarsvæðinu síðastliðin 10 ár. (Tillaga að gestum: Hjalti Jóhannesson, Grétar Eyþórs, Eyþór Björns.)

VERKEFNISSTJÓRN

Verkefnisstjórn innan rannsóknasviðs Þekkingarnets Þingeyinga er skipuð fjögurra manna teymi sem kemur að vinnu við verkefnið. Verkefnisteymið sér um umsýslu og utanumhald með vöktun og framgangi verkefnisins, samskipti, samráð og samstarf við meðal annars stýrihóp og tengilið Landsvirkjunar.

KYNNING

Kynning á verkefninu fer að mestu fram með rafrænum hætti í gegnum póstlista, facebook og vef verkefnisins en einnig í gegnum staðbundna fjölmiðla og heimsóknir verkefnisteymis t.d. til sveitarfélaga, fyrirtækja og stofnana. Kynningum sem voru áformaðar 2020, á félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri og hjá Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, var frestað vegna COVID-19 en verða settar á dagskrá að nýju.

Verkefnisstjórn mun senda inn tillögur að erindum á ráðstefnur eins og *Þjóðarspegil og Íslenska Þjóðfélagið 2021*. Þema *Íslenska þjóðfélagsins 2021* verður *Samfélag og náttúra – stál í stál eða hönd í hönd*. Á slíkum vettvangi er áherslan á að vekja athygli á því gagnasafni sem þegar er til staðar á vettvangi Gaums til samræmis við umfjöllunarefni hvernar ráðstefnu fyrir sig. Þekkingarnetið hefur áhuga á að nýta gagnasafn Gaums til eigin verkefna meðal annars með umsóknum í Bygðarannsóknasjóð og ráðningum háskólanema til sumartarfa.

VÖKTUN

Kjarni verkefnisins er vöktun vísa þess og mælikvarðanna sem þeir innihalda. Verkefnisstjórn aflar gagna hjá viðeigandi aðilum, vinnur úr og birtir á vef verkefnisins. Á árinu 2021 verður vinnulag sem innleitt var á árinu 2020 treyst í sessi. Það felur í sér að tveir starfsmenn meðhöndla öll gögn og tryggir áreiðanleika gagna og upplýsinga sem birtar eru á vef verkefnisins.

Birting er áformuð sem hér segir:

Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des
<input type="checkbox"/> V 1.3	<input type="checkbox"/> V 1.7	<input type="checkbox"/> V 1.1.1	<input type="checkbox"/> V 2.4	<input type="checkbox"/> V 1.7	<input type="checkbox"/> V 1.1	<input type="checkbox"/> V 2.1	<input type="checkbox"/> V 1.2	<input type="checkbox"/> V 1.4	<input type="checkbox"/> V 3.4	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> V 2.2
<input type="checkbox"/> V 1.4	<input type="checkbox"/> V 3.2	<input type="checkbox"/> V 2.1	<input type="checkbox"/> V 2.5	<input type="checkbox"/> V 3.2	<input type="checkbox"/> V 1.2	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> V 3.3	<input type="checkbox"/> V 2.4	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> V 2.6
<input type="checkbox"/> V 1.7	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> V 2.2	<input type="checkbox"/> V 2.7	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> V 1.3	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> V 3.5	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> V 2.1	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> V 3.2	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> V 3.6	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> V 2.7	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> V 1.6	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> V 3.1	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> V 3.6	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Vísar sem ekki eru birtar upplýsingar um árlega

V 1.5 – Gagnaöflun, úrvinnsla og birting ræðst af tímasetningu kosninga hverju sinni. Alþingiskosningar verða í september 2021. Gögn vegna þeirra verða birt á árinu 2022 þegar Hagstofa hefur unnið úr kosningagögnum vegna forsetakosninga.

V 1.6 – Gögn vegna skólabarna eru birt á 4 ára fresti. Næst árið 2022. Gögn vegna menntunar verða næst birt 2022.

V 2.3 - Gagnaöflun á 6 ára fresti – verður uppfært 2024

V 2.7 - Mælingar eru ekki framkvæmdar reglulega (meðferð skólps).

KOSTNAÐUR

Kostnaði við verkefnið eru gerð skil í fylgiskjali. Gert er ráð fyrir að dragi úr vinnu við verkefnið á milli árána 2020 og 2021.

www.gaumur.is.

VÖRÐUR VIÐ ÁRSLOK 2021

- Unnið hafi verið úr nýjustu gögnum hvers vísis og þau birt á íslensku og ensku.
- Haldnir hafi verið tveir stýrihópsfundir.
- Haldinn hafi verið þriðji ársfundur verkefnisins.
- Gerð hafi verið verkefnis- og kostnaðaráætlun vegna ársins 2022 og hún lögð fyrir.
- Gerð hafi verið samantekt vegna starfsemi verkefnisins fyrir árið 2021.
- Verkefnið hafi verið kynnt fræðasamfélagi og staðbundnum fjölmiðlum á Norðurlandi eystra.